

**STJÓRNARFUNDUR Á HÓTEL BLÖNDUÓSI
ÞRIÐJUDAGINN 9. MARS 2010 KL 12:30.**

Þriðjudaginn 9. mars kom stjórn SSNV saman til fundar á Hótel Blönduósi. Mætt voru: Elín R. Líndal, Björn Magnússon, Ágúst Þór Bragason, Þórdís Friðbjörnsdóttir, Páll Dagbjartsson og Jón Óskar Pétursson framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð. Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir verkefnisstjóri sat fundinn undir 1. lið og Hermann Einarsson var í símasambandi undir 1. lið. Guðmundur Guðmundsson frá Byggðastofnun og Katrín María Andrésdóttir atvinnuráðgjafi sátu fundinn undir 2. lið.

1. SSNV- málefni fatlaðra

- a. **Fundargerð þjónustuhóps frá 5. mars 2010.** GSG kynnti einstaka liði fundargerðarinnar. Vegna 7. liðar þá felur stjórn þjónustuhópi að uppfæra aðgerðaráætlun í húsnæðismálum út frá óbreyttri stefnu m.t.t biðlista frá 1. febrúar 2010 og út frá þeim atriðum sem náðst hafa fram frá því að áætlunin var sett fram árið 2005.
- b. **Stækkun þjónustusvæðis í Fjallabyggð – staða mála.** GSG fór yfir fundi með fulltrúum félags og tryggingamálaráðuneytisins varðandi stækkun þjónustusvæðisins í Fjallabyggð yfir í Ólafsfjörð. Fyrir liggur kostnaðarmat SSNV málefna fatlaðra á þjónstunni í Ólafsfirði þar sem tekið er tillit til fyrirliggjandi biðlista. Beðið er lokaákvörðunar félags- og tryggingamálaráðuneytisins varðandi stækkun þjónustusvæðis byggðasamlagsins til Ólafsfjarðar.
- c. **Yfirfærsla málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga.**
Rætt um undirbúning yfirfærslu málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga sem taka á gildi þann 1. janúar 2011. Lögð fram gögn frá vinnufundi sem haldinn var í Reykjavík þann 24. febrúar s.l. Samkvæmt tímaáætlun skulu sveitarfélög hafa gengið frá myndun þjónustusvæða sem eru að lágmarki 8. þúsund íbúa fyrir 1. apríl 2010.
Stjórn SSNV leggur til að áfram verði rekið byggðasamlag um málaflokkinn á Norðurlandi vestra með dreifðri þjónustu.
Framkvæmdastjóra falið að rita bréf til aðildarsveitarfélaga Byggðasamlags um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra þar sem óskað verði eftir staðfestingu á áframhaldandi þátttöku í byggðasamlaginu eftir 1. janúar 2011.
- d. **Önnur mál.**
 1. **Biðlistar:** GSG lagði fram yfirlit um fjölda þeirra sem eru á biðlista eftir þjónustu í búsetu 1. febrúar 2010 en 10 aðilar eru á biðlista eftir búsetuþjónustu á Norðurlandi vestra. Þá eru 8 aðilar á biðlista eftir viðbótarbúsetuþjónustu.
 2. **Ósk um þátttöku í byggðasamlagi um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra:** Fram hefur komið ósk Bæjarhrepps um að tilheyra þjónustusvæði Byggðasamlags um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra frá 1. janúar 2011. Stjórn gerir ekki athugasemdir við að Bæjarhreppur tilheyri þjónustusvæði Byggðasamlagsins og felur verkefnisstjóra að meta umfang þjónustu í Bæjarhreppi.

2. SSNV-atvinnuþróun

a. Verkefnayfirlit atvinnuráðgjafa í febrúar 2010. Framkvæmdastjóri kynnti einstaka verkefni.

Kynning á NPP verkefninu Retail in Rural Regions (RRR) – Katrín María Andrésdóttir atvinnuráðgjafi kynnti verkefnið sem unnið er í samvinnu við Rannsóknarsetur verslunarinnar, Byggðastofnun, Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða og Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga ásamt þátttakendum frá Finnlandi, Írlandi, Færeyjum, Skotlandi, Norður Írlandi, Noregi og Grænlandi. Verkefnið hefur það markmið að styrkja verslun í dreifbýli sem víða stendur höllum fæti á norðlægum slóðum. Verkefnið er sett upp til þriggja ára (2009-2011) og styrkt af Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins (NPP) og Norræna Atlandssamstarfinu (NORA).

Með verkefninu er ætlunin að koma á ráðgjafa- og fræðsluþjónustu fyrir þá sem reka verslanir í dreifbýli og byggja upp faglega þekkingu þeirra og hæfni. Stefnt er að því að styðja sem flestar verslanir og leita hagkvæmra lausna, þannig verði t.d. samnýttir verði fleiri þjónustubættir sem styrkja verslunarreksturinn (multifunctional shops).

Þá verði í verkefninu komið ábendingum til stjórnvalda um hvaða stuðningur komi sér best fyrir þessar verslanir.

Í lok verkefnistímans er ætlunin að minnst þrjár íslenskar verslanir hafi fengið stuðning sem leiði til betri rekstrar ásamt því að til verði aðgengilegt fræðslu- og ráðgjafarefni sem nýta megi hérlendis í þjónustu við verslanir og eigendur þeirra.

Dreifbýlisverslun hefur verið skilgreind þannig:

- Svæði með færri en 3.000 íbúa
- Minnst 30 mínútna ferðatími fyrir íbúa að næsta byggðakjarna þar sem veitt er umfangsmikil og fjölpætt þjónusta EÐA minnst 10 km fjarlægð að næstu verslun.

b. Önnur mál.

1. **Málefni atvinnuþróunar:** Rætt um ýmis mál sem snúa að innra starfi og öðrum þáttum starfsemi SSNV atvinnuþróunar.

3. Sóknaráætlun landshluta - samantekt þjóðfundar og næstu skref.

Framkvæmdastjóri kynnti samantekt Þjóðfundar á Norðurlandi vestra sem haldinn var á Sauðárkróki, laugardaginn 13. febrúar ásamt tillögum að framsetningu lokaskila.

4. Menningarsamningur - staða mála.

- a. **Yfirferð fundar formanns og framkvæmdastjóra með fulltrúum menntamálaráðuneytisins þann 4. mars s.l.:** Formaður og framkvæmdastjóri fóru yfir fund með fulltrúa mennta- og menningarmálaráðuneytisins þann 4. mars s.l. Lögð fram drög að endurnýjuðum samningi. Í drögunum er gert ráð fyrir að framlag ríkisins nemi 26 milljónum króna. Áætluð framlög sveitarfélagna nema um 10 milljónum króna og gildir samningurinn til ársloka 2010. Stjórn samþykkir

drögin og felur formanni undirritun hans f.h SSNV.

5. **Tillögur um framtíðarskipulag upplýsingamiðstöðva.** Framkvæmdastjóra falið að koma ábendingum á framfæri.
6. **Dagur húnverskrar náttúru.** Lagt fram til kynningar bréf Náttúrustofu Norðurlands vestra og Selaseturs Íslands en þessir aðilar standa fyrir fræðsludegi um húnverska náttúru þann 10. apríl n.k.
7. **Fundargerðir**
 - a. **Stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga frá 26. febrúar 2010.** Lögð fram til kynningar.
8. **Umsagnir um frumvörp**
 - a. **Tillaga til þingsályktunar um sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélagi um land allt, 332. mál.** : Framkvæmdastjóra falið að veita umsögn.
9. **Önnur mál.**
 - a. **Frumvarp um brunamál, þingskjal 744..** ÁPB vakti athygli á nýju frumvarpi um brunamál sem umhverfisráðherra hefur mælt fyrir á alþingi. Samþykkt að fjalla um málið þegar frumvarpið verður sent SSNV til umsagnar.
 - b. **Atvinnulífsþing í Skagafirði.** PD kynnti áform um atvinnulífsþing sem Sveitarfélagið Skagafjörður ásamt fulltrúum atvinnulífsins í Skagafirði hyggjast halda í vor.
 - c. **Ráðstefna um málefni Hveravalla.** Gert er ráð fyrir að ráðstefnan/málþingið verði haldið í Húnaveri þann 9. apríl n.k.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 15:45.

Jón Óskar Pétursson fundarritari

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.